

Ytra mat

Leikskólinn Hulduberg Mosfellsbæ

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Inga Dóra Jónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir
© Menntamálastofnun, 2017.
ISBN 978-9979-0-2169-8

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Hulduberg	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	10
Stjórnskipulag	10
Námskrá og áætlanir	10
Stjórnun og starfsmenn	10
Fagleg forysta	11
Starfsandi og starfsánægja	12
Uppeldis- og menntastarf	13
Námsaðstæður	13
Starfshættir	13
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	14
Námssvið	14
Velferð og líðan barna.	15
Mat á námi og velferð barna	15
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	16
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	16
Viðhorf foreldra	17
Samstarf við grunnskóla	17
Annað samstarf	17
Skóli án aðgreiningar	18
Skólaþjónusta og sérkennsla	18
Börn með annað móðurmál en íslensku	18
Innra mat	19
Skipulag og viðfangsefni	19
Gagnaöflun og vinnubrögð	19
Opinber birting og umbætur	19
Matsþættir	20
Samantekt.	21
Lokaorð	23
Heimildir.	24

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Stefna leikskólans er skýrt sett fram í skólanámskrá og í vettvangsathugunum sást að virðing og umhyggja eru ríkjandi. Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskóla- húsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Útileiksvæði við leikskólann er stórt og nokkuð vel tækjum búið og undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn er góð. Tækifæri liggja í því að vinna markvissar samkvæmt stefnu leikskólans og gildum og gera gildin sýnilegri í umhverfinu. Leita þarf allra leiða til að ráða menntaða leikskólakennara til starfa þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að betur þarf að huga að viðhaldi bæði úti og inni.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi. Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengilegir að mati þátttakenda í rýnihópum. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel. Gott aðgengi er að skólaþjónustu á vegum bæjarins. Efla má faglega forystu og virkja alla hagsmunahópa í stefnumótun. Koma á starfsþróunarsamtölum og setja fram verkferla við ráðningu nýrra starfsmanna. Taka þarf markvisst og fljótt á þeim vandamálum sem upp koma og vinna áfram að eflingu starfsanda.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og umhyggju fyrir einstaklingnum. Sýnilegt er að börnunum í leikskólanum líður vel og samskipti í hópnum eru góð. Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali og útivist en það er unnið sameiginlega fyrir allan leikskólann og hver deildarstjóri útfærir það síðan fyrir sína deild. Markmiðið er að vinna sem mest með litla hópa barna og að nýta húsnæðið sem best. Leikskólinn leggur áherslu á umhverfismennt og gerð hefur verið þemaskipt mánaðaráætlun fyrir allan aldur út frá þema mánaðarins og námssviðum leikskóla með hliðsjón af grunnþáttum menntunar. Boðið er upp á fjölbreyttan efnivið í leikskólanum en hann mætti vera sýnilegri fyrir börnin. Tækifæri felst í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á viðfangsefni og skipulag leikskólastarfsins. Þörf er á að vinna að aukinni samræmingu og samstarfi milli deilda. Einnig þarf að gera áætlun um mat á námi barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Almennt eru viðhorf foreldra til leikskólans góð. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og þeim finnst viðhorf starfsfólks til barna einkennast af hlýju. Foreldrar finna þó fyrir miklum mun milli deilda á viðmóti, starfsháttum og menningu. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og hefur það sett sér verklagsreglur. Foreldrafélagið er virkt og styður það vel við annað starf leikskólans. Endurskoða þarf upplýsingagjöf frá leikskólanum til foreldra og samræma hana milli deilda. Einnig þarf að leita leiða til að aðlaga tímann í lok dags betur að þörfum barna og foreldra.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir stuðnings- og sérkennslubörn og teymi skipuð í kringum þau. Stefna skólans er að vinna sem mest með sérkennslubörnin inni á deild en unnið er með þau einstaklingslega ef þörf krefur. Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum. Æskilegt er að setja verkferla og skipulag sérkennslu fram skriflega, einnig

verkferla ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni. Efla þar ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar til starfsmanna og bregðast strax við óskum foreldra um ráðgjöf og aðstoð ef upp kemur grunur um þroskafrávik.

Innra mat

Fjallað er um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati í skólanámskrá. Hópastarf er metið og kannanir lagðar fyrir foreldra og starfsmenn. Markvisst þarf að vinna matið eftir matsáætlunum og gæta þess að allir hagsmunahópar komi að matinu, bæði hvað varðar aðkomu að skipulagningu og þegar gagna er aflað. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þarf að draga saman styrkleika og tækifæri til um bóta, vinna áfram með tækifærin eftir umbótaáætlun og skrifa greinargerð um niðurstöðurnar.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Huldubergi í Mosfellsbæ. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Það var framkvæmt af Ingu Dóru Jónsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur og fór fram á vettvangi 26. til 28. september 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra á rafrænu formi áður en matið fór fram. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu þrjá daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtöl voru tekin við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Alls var talað við sautján starfsmenn af fjöru tíu og einum. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, foreldra og barna voru valdir með slembiúrtaki. Haft var samband við skólafulltrúa Mosfellsbæjar.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Hulduberg

Leikskólinn Hulduberg er sex deilda leikskóli sem stendur við Lækjarhlíð í Mosfellsbæ, rétt við Lágafellsskóla. Leikskólinn tók til starfa árið 1999 sem fjögurra deilda leikskóli en byggt var við árið 2006 og þá bættust við tvær deildir. Í leikskólanum dvelja nú 111 börn, 52 stúlkur og 59 drengir á aldrinum 18 mánaða til fjögurra ára. Í byrjun árs 2017 var tveimur deildum breytt í ungabarnadeildir þar sem yngstu börnin dvelja. Hinar fjórar deildirnar eru aldursblandaðar, þar eru börn á aldrinum tveggja til fjögurra ára. Fyrir nokkrum árum voru fimm ára börnin flutt í sérstakan leikskóla, Höfðaberg, sem tilheyrir nú Lágafellsskóla. Ekkert barn er með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum en tvö eru í greiningarferli.⁴ Samkvæmt starfsáætlun eru 12 börn með annað móðurmál en íslensku.⁵ Leikskólinn er opin frá klukkan 7:30-17:00 á daginn.

Leikskólinn og umhverfi hans

Starfsmenn

Við leikskólann starfar 41 starfsmaður í 32,65 stöðugildum, þrjú karlmenn og 38 konur. Samkvæmt starfsáætlun er samþykkt stjórnunarhlutfall við leikskólann 1,62 stöðugildi. Stjórnendur eru báðir leikskólakennarar og einnig sérkennslustjóri sem er í framhaldsnámi í sérkennslu. Átta deildarstjórar starfa við leikskólann, þar sem tveir deildarstjórar eru á hvorri ungabarnadeildinni. Þrjú af deildarstjórunum eru menntaðir leikskólakennarar, einn er uppeldisfræðingur og einn er í leikskólakennaranámi. Þrjú deildarstjórar eru ekki uppeldismenntaðir, einn þeirra er með aðra háskólagráðu og einn er iðnmenntaður. Einn leikskólakennari, sem ekki er deildarstjóri, er í tæplega hálfri stöðu á deild. Tveir starfsmenn, sem ekki eru deildarstjórar, eru með aðra háskólamenntun og tveir starfsmenn hafa lokið leikskólaliðanámi. Í eldhúsi starfa þrjú starfsmenn, þar af einn matreiðslumaður í 75% starfi.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem kveða á um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skuli teljast til stöðugilda leikskólakennara.

Húsnæði

Fjórar deildir eru í upprunalega húsinu, tvær fyrir tveggja til fjögurra ára börn og tvær ungabarnadeildir. Gengið er inn í deildarnar fjórar frá sameiginlegu rými sem m.a. er nýtt fyrir hópastarf, leikstundir og hreyfingu og þar borðar hluti barna á hverri deild. Fataklefar fyrir þessar deildir eru á löngum frekar þröngum gangi og fram kom í viðtölum að til stæði að setja hlið til að stúka þá betur af fyrir yngri börnin. Á meðan á vettvangsheimsókn stóð var verið að rúlla þungum hjólaskápum til að stúka af rýmið á milli fataklefa og deilda. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru sameiginlega með litla skrifstofu og þar við hliðina er aðstaða til sérkennslu. Kaffistofa starfsmanna er frekar lítil en í risi er góð vinnuaðstaða. Þar er einnig fundarherbergi og geymsla í gluggalausum rými. Í nýrri hluta byggingarinnar eru fataklefar rúmí og meira pláss er á deildum. Sá hluti húsnæðisins er mun bjartari en eldri hlutinn. Þar eru einnig skynjunarherbergi og tilraunaherbergi sem deildirnar skiptast á að nýta. Rúmgott eldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum. Í rýnihópi starfsmanna kom fram óánægja með matinn og það kom einnig fram hjá foreldrum, sjá nánar í foreldrakafli hér á eftir. Í sömu rýnihópum komu fram áhyggjur af rakalykt á ákveðnum stöðum í húsinu.

4 Viðtal við sérkennslustjóra.

5 Starfsáætlun Huldubergs 2017-2018.

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 en í viðtölum og rýnihópum kom fram að bæta þyrfti þjónustu frá bænum varðandi viðhald húsnæðis.⁶

Útileiksvæði

Útileiksvæðið er stórt og nokkuð vel búið tækjum. Búið er að stúka af svæði fyrir yngstu börnin en sandkassinn á því svæði er ekki nógu aðgengilegur fyrir börnin. Á lóðinni er stór grasvaxinn hóll sem gerir það að verkum að ekki er útsýni yfir alla lóðina í einu. Þegar matsmenn voru á vettvangi hefðu starfsmenn mátt dreifa sér betur um svæðið til að hafa betri yfirsýn. Deildirnar skiptast á að vera úti en flest börnin fara út tvisvar á dag. Í rýnihópi foreldra kom fram að bæta þyrfti viðhald á lóð.

Hugmyndafræði og áherslur

Í skólanámskrá kemur fram að í leikskólanum er unnið eftir umhverfisvænni stefnu, læsisstefnu, jákvæðum aga, framfarastefnu og lýðræði og systkinablöndun. Helstu markmið með starfinu eru sett fram í námskránni. Unnið er út frá gildum Mosfellsbæjar sem eru *jákvæðni*, *virðing*, *umhyggja og framsækni* og í námskránni eru jafnframt settar fram helstu leiðir sem skólinn fer til að ná þeim fram. Unnið hefur verið með gildin á skipulagsdegi hjá bænum að sögn starfsmanna í rýnihópi.

Deildarstjórar í rýnihópi þekktu stefnu skólans og töldu hana sýnilega í starfinu en starfsmenn í rýnihópi töldu töluvert vanta upp á að unnið væri samkvæmt stefnunni og nefndu þar umhverfisstefnuna sem dæmi og að of mikið væri um pappírs- og plastpokanotkun. Þegar starfsmenn voru spurðir um stefnuna voru gildin þeim efst í huga. Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki þekkja stefnu skólans vel.

Á vettvangi sást virðing og umhyggja en stefna skólans og önnur gildi hefðu mátt vera sýnilegri. Gildin mættu einnig vera sýnilegri í umhverfinu.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Í vettvangsathugunum sást að starfað er eftir gildunum um virðingu og umhyggju.
- Undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn er góð.
- Útileiksvæði er stórt og nokkuð vel búið tækjum, sérstaklega fyrir eldri börnin.
- Rúmgott eldhús er í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Vinna markvissar samkvæmt stefnu og gildum leikskólans og gera gildin sýnilegri í umhverfinu. Kynna stefnuna betur fyrir öllum hagsmunahópum.
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf að leita allra leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa.
- Aðlaga leikskólalóðina betur að þörfum barna á ungbarnadeildum og gæta þess að starfsmenn dreifi sér markvisst um lóðina í útiveru.
- Huga betur að viðhaldi, bæði úti og inni.

6 Viðtöl við leikskólastjóra og sérkennslustjóra og rýnihópaviðtal við foreldra og starfsmenn.

Stjórnun

Stjórnskipulag

Leikskólinn Hulduberg er rekinn af Mosfellsbæ og er einn af sjö leikskólum bæjarins.⁷ Leikskólarnir heyra undir fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar og næsti yfirmaður leikskólastjóra er framkvæmdastjóri sviðsins. Fræðsluskrifstofa Mosfellsbæjar starfar á fræðslu- og frístundasviði og þar hefur skólafulltrúi umsjón með faglegu leikskólahlaldi í bænum og veitir leikskólum ráðgjöf.

Fræðslunefnd Mosfellsbæjar fer með fræðslumál og m.a. með verkefni leikskólanefndar samkvæmt lögum um leikskóla.⁸ Nefndin er skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn og er kjörtímabil nefndarinnar það sama og bæjarstjórnar. Á heimsíðu bæjarins kemur fram að hlutverk nefndarinnar er m.a. að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að fræðslumálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og veiti góða þjónustu. Hlutverk nefndarinnar er einnig að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í fræðslumálum með tölulegum upplýsingum og könnunum. Reglulega eru lagðar viðhorfskannanir fyrir starfsmenn á vegum bæjarins.

Að sögn leikskólastjóra í viðtali hefur leikskólinn góðan aðgang að skólaþjónustu á vegum bæjarins og einnig kom fram að góð samvinna er við félagsþjónustu og heilsugæslu þegar á þarf að halda. Fram kom hjá skólafulltrúa bæjarins að samstarf við leikskólastjóra hefur almennt verið gott. Undanfarið hefur borið á vandamálum við stjórnun skólans, það kom í ljós í stafsmanakönnun sem lögð var fyrir alla starfsmenn í mars 2016. Fræðsluskrifstofa veitti leikskólanum aðstoð og ráðgjöf síðasta vetur og könnun var aftur lögð fyrir starfsmenn í júní sem sýndi að ákveðinn árangur hefði náðst en enn væri þó verk að vinna.⁹

Á vef Mosfellsbæjar kemur fram að skólastefna bæjarins hafi fyrst verið samþykkt árið 2002 en að stefnan hafi verið endurskoðuð árið 2009 í kjölfar stefnumótunar hjá bænum og verið samþykkt í bæjarstjórn í maí 2010.¹⁰ Þá gafst helstu hagsmunahópum tækfæri til að koma fram með sínar hugmyndir og skoðanir á sérstöku skólaþingi og unnið var áfram með þær tillögur við endurskoðunina. Í stefnunni kemur fram að kjarni hennar er að setja einstaklinginn í öndvegi þar sem m.a. er lögð áhersla á þátttöku barna, jafnrétti og virðingu og góða samvinnu við heimilin. Unnið var út frá gildum bæjarins sem eru eins og áður segir virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.

Námskrá og áætlanir

Endurskoðuð námskrá Huldubergs kom út 2017. Námskráin uppfyllir að mestu leyti þær kröfur sem settar eru fram í aðalnámskrá frá 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Betur mætti gera grein fyrir aðferðum og vinnulagi við að meta þroska barna, nám, vellíðan og færni og einnig því hvernig markmið námskrár eru metin og út frá hvaða viðmiðum. Stjórnendateymið kemur að gerð skólanámskrár en aðrir starfsmenn eiga að lesa og ígrunda námskrána eftir sérstakri áætlun í vetur að sögn stjórnenda. Foreldraráð fær skólanámskrá til umsagnar en foreldrar og börn koma ekki að gerð hennar.

Starfsáætlun 2017-2018 er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í henni eru flestar þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Stjórnendur sjá um gerð starfsáætlunar og hún er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.

Starfsmannahandbók hefur verið unnin í leikskólanum og var hún endurskoðuð nýlega. Rýmingaráætlun er á heimasíðu en áætlunin var ekki sýnileg á öllum deildum og það sama má segja um viðbragðsáætlun sem einnig er á heimasíðu. Áætlun um viðbrögð við áföllum hefur ekki verið unnin að sögn leikskólastjóra.

Stjórnun og starfsmenn

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa unnið saman í leikskólanum nánast frá því að hann var stofnaður. Leikskólastjóri segir í viðtali að formleg verkaskipting stjórnenda hafi verið í þróun frá síðustu áramótum en hún hafi ekki verið nógu skýr. Aðstoðarleikskólastjóri segir í viðtali að stjórnendur skipti með sér verkum en mörkin mættu vera skýrari. Hjá leikskólastjóra kom fram að skipurit var

7 Heimasíða Mosfellsbæjar.

8 Heimasíða Mosfellsbæjar.

9 Símtal og tölvupóstskipti við skólafulltrúa Mosfellsbæjar.

10 Heimasíða Mosfellsbæjar.

unnið fyrir leikskólann árið 2013. Skipuritið er hvorki í starfsáætlun 2017-2018 né í námskrá Huldubergs en starfslýsingar eru í námskránni.

Í stjórnendateymi eru stjórnendurnir tveir, deildarstjórnarnir átta og sérkennslustjóri. Sérkennslustjóri er nýlega tekinn við þeirri stöðu en var áður deildarstjóri. Stjórnendafundir eru reglulega einu sinni í viku þar sem fundargerðir eru ritaðar og einnig fundar stjórnendateymið stutt í byrjun hvers dags til að skoða starfsmannamál. Niðurstöður þessara funda eru aðgengilegar í dagbók á deildum. Starfsmenn í rýnihópi sögðust finna fyrir því að stundum væri mikill munur á fjölda starfsmanna á deildum fyrst á morgnana, stundum væru fá börn mætt á einni deild þar sem fullmannað væri en fleiri börn á annarri þar sem vantaði starfsmenn og var þarna verið að tala um tímamann á milli klukkan 8 og 9 á morgnana.

Í rýnihópum deildarstjóra og starfsmanna kom fram að deildarfundir eru ekki haldnir nógu reglulega en þeir eigi að vera á tveggja vikna fresti. Þegar fundir eru haldnir eru fundargerðir ritaðar. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að þeir taka þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að leikskólakennarar fái undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningum og reynt sé að láta aðra fá tíma til undirbúnings fyrir hópastarf en það sé ekki alltaf hægt. Deildarstjórnar í rýnihópi sögðust fá sinn undirbúningstíma og sögðu að það sama gildi um leikskólalíða.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að ekki hefur tekist að hafa starfsþróunarsamtöl í leikskólanum en leikskólastjóri segir að það standi til í október. Gróf símenntunaráætlun fyrir skólaárið er í starfsáætlun.

Skipulagsdagar eru fjórir á skólaárinu og þar af er einn sameiginlegur hjá bænum. Þrír af skipulagsdögum eru teknir utan venjulegs vinnutíma og á móti er starfsmönnum gefið frí á milli jóla- og nýárs og er þetta gert í samráði við fræðsluvið. Fundað er sjö sinnum yfir skólaárið, í tvo til fjóra tíma í senn, og eru fundardagar ákveðnir fyrirfram fyrir skólaárið. Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að búið sé að ákveða dagskrá þessara funda fram að áramótum. Starfsmannafundir eru haldnir á skipulagsdögum en að sögn leikskólastjóra eru ekki ritaðar formlegar fundargerðir á þeim fundum.

Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Nýir starfsmenn fara á nýliðanámskeið á vegum bæjarins og fram kom hjá leikskólastjóra að þeir fá einnig kynningu á stefnu og starfsháttum í leikskólanum. Leikskólastjóri taldi að betur mætti huga að eftirfylgni við nýja starfsmenn og það sama kom fram í rýnihópi starfsmanna.

Í öllum viðtölum og rýnihópum kom fram að stjórnendur eru sýnilegir í starfi og að auðvelt er að leita til þeirra. Deildarstjórnar segjast fá hrós frá stjórnendum en starfsmenn töluðu um að ekki væri mikið um hrós.

Í starfsmannakönnun Mosfellsbæjar frá því í júní 2017 lenti ánægja með stjórnun leikskólans á aðgerðabili, miðað við þau viðmið sem sett voru, og var töluvert undir meðaltali bæjarins. Í rýnihópum og viðtölum við starfsfólk leikskólans kom fram að taka þyrfti fyrr og markvissar á þeim vandamálum sem upp kæmu og að skipuleggja mætti stjórnunina betur, t.d. þyrfti að samræma betur verkaskiptingu stjórnenda.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali telja sig mildan stjórnanda sem leggur áherslu á gott samstarf og samskipti. Að sögn leikskólastjóra var það aðallega stjórnendateymið sem kom að endurskoðun námskránnar núna en aðstoðarleikskólastjóri sagði í viðtali að allir starfsmenn hefðu komið að því að aðlaga námskrána á sínum tíma, í kjölfar útgáfu nýrrar aðalnámskrár 2011. Starfsmenn í rýnihópi sögðust ekki koma að stefnumótun og fannst skorta á hvatningu til símenntunar. Fram kom að foreldrar og börn koma ekki að stefnumótun. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að almennt væri vel tekið í nýjar hugmyndir og að þeir sem vildu gætu gert skemmtilega hluti en vantaði hafi upp á að samræma starfið á milli deilda þannig að „ekki séu sex leikskólar“ eins og einn þátttakandi orðaði það.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að stjórnendur fylgjast með starfinu og leiðbeina eftir þörfum en koma ekki formlega inn á deildir í því skyni að veita endurgjöf. Fram kom hjá starfsmönnum í rýnihópi að aðstoðarleikskólastjóri væri duglegur að miðla inni á deildum. Viðmælendur í rýnihópum töldu framlag þeirra metið innan leikskólans en starfsmönnum í rýnihópi fannst skorta á leiðbeiningar fyrir nýtt starfsfólk og að einnig mætti hrósa meira fyrir vel unnin störf. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að almennt ríki metnaður hjá starfsfólki skólans.¹¹

Deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópum voru ánægðir með upplýsingaflæði innan skólans; fundargerðir daglegra morgunfunda stjórnenda og vikulegra stjórnendafunda væru aðgengilegar í dagbók inni á deildum og fram kom að starfsmenn ættu að kvitta fyrir að hafa lesið þær.

Starfsandi og starfsánægja

Í viðtölum og rýnihópum stjórnenda, deildarstjóra og starfsfólks kom fram að unnið hafi verið markvisst með starfsandann í leikskólanum, m.a. með aðstoð frá mannauðsstjóra Mosfellsbæjar og þátttakendum fannst andinn hafa batnað mikið. Almennt sagði starfsfólk að því liði vel í starfi og fram kom að fólk er stolt af starfinu sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel. Að sögn stjórnenda gerir starfsmannahópurinn ýmislegt saman til að efla starfsanda, haldin væri jólagleði og farið í óvissuferð. Einnig kom fram að fyrir dyrum stendur námsferð til Brighton í vor.

Samkvæmt starfsmannakönnun Mosfellsbæjar frá því í júní 2017 lendir jákvæð vinnustaðamenning og góður starfsandi á aðgerðabili og er töluvert undir meðaltali bæjarins.

Styrkleikar

- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.
- Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengilegir að mati starfsfólks og foreldra í rýnihópum.
- Stjórnendafundir eru haldnir einu sinni í viku og eru fundargerðir aðgengilegar á deildum.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel.
- Unnin hefur verið starfsmannahandbók.
- Starfslýsingar liggja fyrir.
- Starfsfólk er ánægt með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Gott aðgengi er að skólajónustu á vegum bæjarins.

Tækifæri til umbóta

- Efla má faglega forystu og virkja alla hagsmunahópa í stefnumótun.
- Áfram þarf að vinna að því að efla starfsanda.
- Setja formlega verkaskiptingu stjórnenda skýrar fram og gera skipurit skólans sýnilegt.
- Taka fljótt og markvisst á þeim vandamálum sem upp koma í leikskólanum.
- Skoða hvort hafa megi morgunfund fyrir að morgni en nú er gert til að leysa starfsmannamál.
- Gæta þess að deildarfundir falli ekki niður.
- Koma á starfsþróunarsamtölum í leikskólanum.
- Æskilegt væri að stjórnendur fylgdust formlega með námi og starfi og veittu starfsfólki endurgjöf.
- Setja fram verkferla við ráðningu nýrra starfsmanna.

11 Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

- Vinna áfallaáætlun fyrir leikskólann og gæta þess að rýmingaráætlanir og áætlun um viðbrögð við slysum séu sýnilegar á öllum deildum.
- Æskilegt er að fundargerðir séu ritaðar á starfsmannafundum og að þær séu aðgengilegar starfsmönnum.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Húsnæðið skiptist í þrjá kjarna og á hverjum þeirra eru tvær deildir. Mikið er um sameiginleg rými sem krefst skipulags og góðrar samvinnu milli deilda. Til er gott skipulag fyrir þessi svæði og er þess gætt að hver deild fái reglulega aðgang að þessum svæðum. Hugmyndin er sú að tvær og tvær deildir vinni saman að skipulagi og skiptingu þess húsnæðis sem tilheyrir sameiginlegu rými þann tíma sem þær eiga aðgang að þeim.

Dagskipulag er gert sameiginlega fyrir allan skólann og skiptist það jafnt á milli inniveru og útiveru. Þrjár deildir eru í einu á útisvæði og á meðan eru hinar deildarnar inni. Þetta er gert til að nýta húsnæðið sem best og skipta börnunum á milli svæða til að vinna með minni barnahópa. Innan ramma sameiginlegs dagskipulags aðlagar hver deildarstjóri það að sinni deild. Á eldri deildunum er hópastarf einu sinni í viku fyrir hvern árgang, vettvangsferðir eru áætlaðar einu sinni í viku og val er daglega. Starfsfólk talar um að dagskipulagið sé mjög stíft. Lítil samfelldur tími er fyrir leikinn, alltaf er verið að brjóta upp starfið, taka saman og lítið svigrúm er fyrir sveigjanleika nema þá í samvinnu við næstu deild.¹²

Boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til náms og leikja og í skólanámskrá segir að á Huldubergi sé unnið með opin efnivið, einingarkubba, holukubba og dýnukubba. Einnig hafa börnin aðgang að annars konar kubbum í frjálsum leik, skógarkubbum, kaplakubbum, legokubbum og formkubbum.¹³ Í vettvangsathugun voru þessir kubbar sýnilegir. Mikið er um að leikföng séu geymd í skúffum sem merktar eru með myndum og orðum en leikföngin sjálf ekki sýnileg. Í sameiginlegu rými í miðju húsinu eru geymslukassar með fjölbreyttu leikefni svo hátt uppi að börnin ná ekki í þá. Einnig er fjölbreyttur efniviður inni í skápum eða bakvið tjöld í sameiginlegu rými. Aðstaða er til listsköpunar á öllum deildum og blöð og litir eru einnig á öllum deildum. Yngstu deildirnar eru aðlagðar ungum börnum og er þar meðal annars púðaherbergi fyrir grófhreyfipjálfun.

Starfshættir

Deildirnar eru með blandaðan aldur barna, tvær yngri deildir með eins til tveggja ára börn og fjórar deildir með tveggja til fjögurra ára börn, svokallaðar systkinablandaðar eða aldursblandaðar deildir. Í skólanámskrá Huldubergs segir: „slík blöndun er notuð meðal annars sem kennsluáferð sem felst aðallega í því að hvert barn getur kennt öðru barni, lært af öðrum eða fengið staðfestingu á núverandi þekkingu og hæfni samanborið við önnur börn á svipuðu þroskastigi.“¹⁴

Leikskólinn leggur áherslu á umhverfismennt og er unnið út frá árstíðabundnu þema og mikil áhersla er lögð á það að njóta. Vettvangsferðir eru á dagskipulagi deilda einu sinni í viku. Ein deild hefur tekið þátt í þróunarverkefni í samstarfi við Rannung um sjálfbærni og vísindi og fjallar það um hjálparálfa og vinnu með þeim. Hjálparálfarnir eru sjö: Vatnsálfur, ljósálfur, veðurálfur, umsjónaálfur, endurvinnsluálfur, sorpálfur og aðstoðarálfur. Hver álfur hefur ákveðin verkefni og eru tvö og tvö börn saman í hlutverki hvers álfs, viku í senn, og eru því fjórtán börn með álfahlutverk í hverri viku. Áætlað er að þetta verkefni sé á öllum deildum leikskólans en í vettvangsathugun kom í ljós að ekki eru allar deildir með þetta virkt og sumar eru rétt að byrja innleiðingu. Unnið er með flokkun á sorpi og fer allur lífrænn úrgangur frá deildunum í eldhúsið sem flokkar sérstaklega lífrænan úrgang. Flokkunarkassar eru á hverri deild og sérstök flokkunarstöð er fyrir allt húsið. Unnið er með val á deildum og má sjá það á dagskipulagi. Misjafnt er milli deilda hvernig það er útfært, talað er um að myndir séu af valsvæðum

12 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

13 Skólanámskrá Huldubergs.

14 Skólanámskrá Huldubergs.

og að börnin setji spjöld með nöfnunum sínum á myndirnar þegar þau velja. Ákveðinn fjöldi barna getur svo valið hvert svæði fyrir sig. Í vettvagnsathugun sáu matsmenn þetta ekki í framkvæmd og kom í ljós að sumar deildir voru ekki búnar að útbúa valkerfið. Tvisvar í viku er flæði milli tveggja deilda, þá mega börnin á þessum tveim deildum velja svæði innan deildanna. Í rýniviðtölum kom fram að unnið sé með jákvæðan aga og að einhverjir starfsmenn hefðu farið á námskeið til að kynna sér það, einnig kom fram að starfsmenn hafa áhuga á að fá meiri fræðslu um jákvæðan aga.¹⁵

Deildarstjórar sjá um að skipuleggja uppeldis- og menntastarf á öllum deildum. Gerð hefur verið sameiginleg mánaðaráætlun fyrir hvern aldur fyrir sig út frá þema mánaðarins og námssviðunum, hópstjórar sjá um að skipuleggja vinnuna í hópstarfinu út frá þessum markmiðum. Á öllum deildum er sýnilegt vinnufyrirkomulag starfsmanna sem skiptist í fjögurra vikna tímabil og starfsmenn skiptast vikulega á milli verkefna. Samstarf og samábyrgð starfsmanna var sýnilegt á vettvangi. Fram kom í rýniviðtölum að yfirleitt er samstarf innan deilda gott og starfsmenn sögðust vera stoltir af því starfi sem unnið er með börnunum.¹⁶ Starfsfólki finnst hlustað á sínar skoðanir og er óhrætt við að koma með þær á deildar- og deildarstjórafundum.¹⁷ Starfsfólk er jákvætt og uppbyggilegt í samskiptum við börnin og myndar tengsl við þau í gengum leikinn. Á vettvangi sást jafnvægi á milli borðleikja og gólfleikja.

Í vettvagnsathugun kom fram að mikill munur er á milli deilda hvað vinnubrögð varðar. Ekki voru allar deildir að vinna með hjálparálfana og valið var handahófskent á sumum deildum. Einnig kom fram að ekki var gætt jafnræðis í því að dreifa reynslu og menntun starfsmanna milli deilda.¹⁸ Í rýnihóp foreldra kom jafnframt fram að foreldrar finna mikinn mun milli deilda hvað skipulag og starfshætti varðar. Einnig kom fram að þeim finnst dagskipulagið full flókið.¹⁹

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólastarfinu er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Lýðræðisleg þátttaka er helst í frjálsa leiknum en þá mega börnin velja viðfangsefni og í vali en þá mega þau velja svæði þar sem eru fyrirfram ákveðin verkefni. Einnig kom fram að börnin mættu skipta um valsvæði en þau fá samt ákveðin mörk. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að í hópstarfi ákveður hópstjóri hvað á að gera en börnin velji sér oft aðferðir innan viðfangsefnisins. Einnig kom fram að deildarstjórum finnst þurfa að endurmeta lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.²⁰ Í rýnihópi barna kom fram að þau mega velja þegar er val.²¹ Einnig kom fram að börnin koma ekki að því að móta reglur í leikskólanum eða að því að endurmeta starfið.²²

Námssvið

Í skólanámskrá Huldubergs er fjallað um það hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár og einnig má þar finna markmið og leiðir að þessari vinnu.

Starfsáætlun leikskólans fyrir árið 2017-2018 tengist námssviðunum fjórum. Inni á heimasíðu leikskólans er hægt að skoða námsáætlanir/mánaðardagtöl vetrarins þar sem hverjum mánuði er skipt í fjóra hluta, einn fyrir hvern árgang.²³

Leikskólinn hefur gert sér læsisstefnu þar sem lögð er meðal annars áhersla á að efla orðaforða, hugtakaskilning, hlustun og samskipti milli barnanna.²⁴ Í dagskipulagi er gert ráð fyrir samverustundum þar sem lesnar eru bækur og börnin eru hvött til frásagnar. Bækur eru sýnilegar og aðgengilegar inni á deildum. Gott bókasafn er til en það er lokað inni í skáp í sameiginlegu rými og því ekki sýnilegt börnunum. Stafróf og tölustafir eru inni á deildum en misjafnt er eftir deildum hversu sýnilegt það er. Eftir áramót er P-PALS unnið með elstu börnunum. Í rýnihópum kom fram að markvisst er unnið með það að hvetja börnin til að segja frá t.d. í samverustundum, veðurfræðingurinn segir hvernig veður er og hvernig á að klæða sig og umsjónamenn segja hvað er í matin.²⁵

15 Rýnihópar starfsmanna.

16 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

17 Rýnihópar starfsmanna.

18 Rýnihópur deildarstjóra.

19 Rýnihópur foreldra.

20 Rýnihópur deildarstjóra.

21 Rýnihópur barna

22 Rýnihópur starfsmanna, deildarstjóra, aðstoðarleikskólalastjóra og leikskólalastjóra.

23 Starfsáætlun 2017-2018.

24 Læsisáætlun Huldubergs.

25 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

Áhersla er lögð á heilbrigði og vellíðan í öllu leikskólastarfinu. Börnin eru studd með félagslegum tengslum, sjálfstæði og útivist. Unnið er að því að auka hreysti, þol og úthald þeirra. Útivera er tvisvar á dag og áætlað er að einu sinni í viku fari börnin í vettvangferðir í nágrenni leikskólans. Markmið leikskólans er að hafa hollt og gott fæði fyrir börnin og að allur matur sé unninn frá grunni. Í rýnivíðtölum kom fram að töluverður misbrestur virðist vera á þessu.²⁶

Sjálfbærni og vísindi eru unnin með umhverfismennt, þar sem börnin fylgjast meðal annars með árstíðarbundnum breytingum í náttúrunni og á leiksvæðinu er matjurtargarður þar sem hægt er að rækta blóm og matjurtir yfir sumartímann. Einnig er unnið með flokkun á sorpi. Ákveðið svæði í leikskólanum er ætlað fyrir tilraunir og vísindi. Einingakubbar eru á öllum deildum og holukubbar í sameiginlegu rými. Unnið er með tölur, form og stærðfræði.

Aðstaða er til listsköpunar á öllum deildum og til er fjölbreyttur efniviður sem geymdur er inni í skáp og því ekki sýnilegur börnunum. Myndverk og annað skapandi starf barnanna var almennt lítt sýnilegt þegar matsmenn voru á staðnum. Á deildum eru litir og blöð í boði fyrir börnin en misjafn var eftir deildum hversu aðgengilegt það er. Bókasafnið í nágrenni skólans er mikið notað.

Velferð og líðan barna

Eitt af markmiðum leikskólans Huldubergs sem kemur fram í skólanámskrá er að „börnunum sé sýnd virðing, hlýja og umhyggja í allri umgengni og að allt starf leikskólans sé unnið í nánu samstarfi við foreldra.“²⁷ Á vettvangi sást að andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt. Starfsmenn leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Í vettvangsathugun sást að starfsmenn sátu almennt á gólfinu hjá börnunum og léku við þau eða sátu í þeirra hæð. Almennt beygðu starfsmenn sig niður eða settust þegar þeir töluðu við börnin. Í rýnihópi foreldra kom fram að samskipti og viðhorf starfsmanna til barna einkennist af hlýju. Börnin fá viðfangsefni við hæfi, komið er á móts við þarfir þeirra og þeim er hrósað.²⁸ Í rýnihópi barnanna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Þeim líður vel og eru glöð og hjá einu barni kom fram að „ef einhverjum líður illa þá hvílir hann sig bara.“²⁹

Mat á námi og velferð barna

Verið er að innleiða ferilmöppur með breyttu sniði og samræma þær í öllum skólanum og einnig er áætlað að skrá námssögur barnanna í vetur og nota þær sem matstæki. Þrír deildarstjórar hafa farið á námskeið í Tras en það er listi sem notaður er til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barna. Áætlað er að aðrir þrír deildarstjórar fari á námskeið í Tras á haustmánuðum. Í framhaldi af því verður byrjað að nota Tras á öllum deildum. Lítið hefur verið gert til að meta nám og velferð fram að þessu en fyllt hefur verið í þroskalista sem starfsfólk hefur útbúið fyrir foreldraviðtöl.³⁰

Styrkleikar

- Leitast er við að nýta allt húsnæði sem best og vinna með börnin í litlum hópum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Sameiginleg mánaðaráætlun sem tekur mið af þema mánaðarins og námssviðunum er til fyrir allan aldur.
- Starfsfólk leggur sig fram við að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Börnin eru markvisst hvött til að segja frá, t.d. í samverustundum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Fjölbreyttur efniviður er til staðar.

26 Rýnihópur starfsmanna og foreldra.

27 Skólanámskrá Huldubergs.

28 Rýnihópur starfsmanna.

29 Rýnihópur barna.

30 Rýnivíðtöl við deildarstóra, aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

Tækifæri til umbóta

- Skoða ætti dagskipulag með það í huga að hafa lengri samfeldan tíma fyrir leikinn.
- Æskilegt er að hafa efnivið og leikföng sýnilegri börnunum.
- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Æskilegt er að endurskoða matseðla með tiliti til yngri barna og gera þá aðgengilega á heimasíðu.
- Samræma allt faglegt starf í leikskólanum.
- Leita skal leiða til að auka samvinnu og samstarf milli deilda með það markmið að skólinn vinni sem ein heild.
- Leita þarf leiða til að styrkja og handleiða nýja deildarstjóra.
- Leita þarf leiða til að koma á skipulögðum leiðbeiningarsamtölum við nýtt starfsfólk.
- Æskilegt er að dreifa reynslu og menntun starfsmanna milli deilda.
- Gera þarf áætlun um mat á námi barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrjú fulltrúar. Í haust óskaði leikskólastjórinn eftir því að foreldraráð frá fyrra ári sæti áfram þar sem verið er að takast á við viðkvæm mál frá síðasta vetri.³¹ Valið er í foreldraráð á foreldrafundi að hausti þar sem óskað er eftir foreldrum til starfa í ráðið og yfirleitt gefa einhverjir sig fram að sögn leikskólastjóra. Ekki er um að ræða formlega kosningu. Til eru skráðar reglur fyrir foreldraráð en ráðið hefur ekki sett sér starfsáætlun fyrir komandi vetur. Leikskólastjóri boðar fundi og oftast er ákveðið í lok fundar hvenær næsti fundur er. Dagskrá funda er ekki send foreldraráði fyrirfram en hún liggur fyrir í byrjun funda. Fundargerðir eru ritaðar og fara þær stundum á heimasíðu. Foreldraráð hefur fengið skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar en ekki komið að gerð þeirra.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og eru haldnir fundir mánaðarlega fyrsta mánudag í mánuði.³² Í stjórn félagsins sitja 12 fulltrúar, tveir frá hverri deild, aðstoðarleikskólastjóri situr fundina sem tengiliður leikskólans. Foreldrafélagið er virkt í samstarfi við leikskólann og stendur fyrir hinum ýmsu viðburðum eins og leikssýningu, opnu húsi á aðventu, sveitaferð, og kökuklaðborði á opnu húsi.

Leikskólastjóri og deildarstjóri taka fyrsta viðtal við foreldra áður en barnið byrjar í leikskólanum. Deildarstjóri er síðan tengiliður við foreldra. Viðtalið er ætlað til að fá upplýsingar frá foreldrum og að gefa upplýsingar um leikskólann. Einnig er húsnæði leikskólans og annað starfsfólk kynnt í þessu viðtali.³³ Í rýnihópi foreldra kom fram að það var mjög misjafnt hvernig kynningu og hvaða upplýsingar þeir fengu í fyrsta viðtali.³⁴ Aðlögun nýrra barna tekur um viku en gerð er áætlun fyrir hvert barn í samstarfi við foreldra.

Mjög misjafnt er eftir deildum hvernig upplýsingum er komið til foreldra, sumar deildir nota upplýsingatöflur við deildarnar þar sem upplýsingar eru skráðar en einnig eru miðar á útidyrum.³⁵ Tölvupóstar eru ekki sendir reglulega og heimasíðan er ekki virk að sögn foreldra í rýnihópi. Verið er að innleiða nýtt upplýsingakerfi, Karellen, þar sem foreldrar hafa aðgang að hinum ýmsu upplýsingum. Fram kom að mikill mismunur er á því milli deilda hvernig þetta kerfi er notað. Foreldrar fengu góða kynningu á kerfinu í byrjun en síðan eru ýmsir hnökror á því. Erfitt er að átta sig á því hvar eigi að leita að upplýsingum þar sem núna er verið að nota mörg kerfi, heimasíðu, tölvupóst og Karellen.³⁶

31 Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

32 Rýnihópur foreldra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra.

33 Upplýsingar af heimasíðu.

34 Síma viðtal við leikskólafulltrúa.

35 Rýnihópur foreldra.

36 Rýnihópur foreldra.

Viðhorf foreldra

Almennt var viðhorf foreldra í rýnihópi til leikskólans gott. Foreldrar segja að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og viðhorf starfsfólks til barna einkennist af hlýju. Þó finna foreldrar fyrir mismunandi starfsanda og viðmóti eftir deildum, einnig kom fram að mikill mismunur er á milli deilda hvað varðar skipulag, innra starf, menningu og upplýsingastreymi. Foreldrar höfðu orð á því að það væri eins og margir litlir leikskólar væru inni í húsinu og að það vantaði alla samræmingu. Fram kom að foreldrar eru ekki látnir vita um breytingar á starfsmannahaldi, svo sem deildarstjóraskipti og fleira. Foreldrar í rýnihópi voru ósáttir við það hvað það eru fáir leikskólakennarar í skólanum og finnst metnaðarleysi felast í því að reyna ekki að fá fleira uppeldismenntað starfsfólk. Fram kom hjá foreldrum að fullt af ungu óreyndu en frambærilegu starfsfólki sé í leikskólanum sem vantar meiri handleiðslu í starfi.

Samkvæmt dagskipulagi leikskólans eru deildir sameinaðar klukkan 16:30 á daginn. Í rýnihópi foreldra kom fram mikil óánægja með tímann á milli kl. 16-17 í leikskólanum. Foreldrarnir sögðu að börnunum væri safnað saman á eina deild með ungu óreyndu starfsfólki og hinar deildarnar væru lokaðar, búið að slökkva ljós á göngum og byrjað að ræsta þannig að foreldrar hafa ekki óhindraðan aðgang að t.d. fötum barnanna þegar þeir koma að sækja þau. Einnig kom fram gagnrýni á matinn í leikskólanum og var meðal annars talað um unnin matvæli og súpur í því sambandi.³⁷

Samstarf við grunnskóla

Ekki er um formlegt samstarf við grunnskóla hverfisins að ræða þar sem fimm ára börnin fara í sér fimm ára deild sem kallast Höfðaberg og er undir stjórn Lágafellsskóla. Nokkrum sinnum yfir önnina fara fjögurra ára börnin í heimsókn til að kynna starfsemi Höfðabergs og auðvelda aðlögun þeirra þegar þau flytjast yfir. Við lok leikskólagöngu á Huldubergi liggja fyrir ýmsar upplýsingar um börnin og til að tryggja samfellu í námi fylgja þessar upplýsingar þeim yfir á Höfðaberg.³⁸ Á degi íslenskrar tungu koma börn úr grunnskólanum í heimsókn í Hulduberg og lesa fyrir leikskólabörnin.

Annað samstarf

Bókasafnið er heimsótt reglulega og farið er í heimsókn í Skálatún. Höfði, dvalarheimili aldraða, var heimsóttur síðastliðið vor og áætlað er að gera það aftur næsta vor. Þetta er verkefni að frumkvæði dvalarheimilisins og kallast Gaman saman.³⁹

Styrkleikar

- Viðhorf foreldra í rýnihópi til leikskólans er almennt jákvætt.
- Foreldrar í rýnihópi telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélagið er virkt í samstarfi við leikskólann.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa ætti til foreldraráðs samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Gera ætti allar fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar, svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa sérstaka kynningu á stefnu skólans fyrir nýja foreldra.
- Æskilegt er að samræma milli deilda hvernig upplýsingum er komið til foreldra.
- Leita þarf leiða til að aðlaga tímann milli kl. 16-17 að þörfum barna og foreldra.
- Æskilegt er að endurskoða hráefni til matargerðar og matseðla í samráði við foreldra.

37 Rýnihópur foreldra.

38 Skólanámskrá Huldubergs.

39 Rýniviðtal deildarstjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólajónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri í hefur yfirumsjón með sérkennslumálum leikskólans og er hann í 100% starfi. Skólinn nýtur þjónustu skólaskrifstofu Mosfellsbæjar þar sem eru starfandi skólafulltrúi, sálfræðingar og talmeinafræðingur. Sérkennslustjóri er einn af stjórnendateymi leikskólans og tekur þátt í samráðs- og deildarfundum og þar hefur hann það hlutverk að skrá fundargerðir og koma þeim til starfsmanna.⁴⁰

Ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni getur deildarstjóri óskað eftir því að sérkennslustjóri komi inn á deild og fylgist með og gerir frumgreiningu. Ef meiri aðstoðar er þörf er hægt að senda erindi til sálfræðings á skólaskrifstofu. Stefna leikskólans er að vinna sem mest með barnið inni á deild í sínum hópum en ef þörf krefur er unnið með barnið einstaklingslega. Sérkennslustjóri sér um að gera einstaklingsnámskrá fyrir börn sem hafa fengið greiningu í samvinnu við deildarstjóra og annað starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Einstaklingsnámskrá er lögð fyrir foreldra sem geta bætt við sínum áherslum. Einnig heldur sérkennslustjóri utan um teymisfundi og að handleiða starfsfólk sem sinnir sérkennslu. Vikuáætlun er gerð út frá einstaklingsnámskrá og gerir sérkennslustjóri hana í samvinnu við deildarstjóra og skipta þeir með sér verkum.⁴¹ Sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra sér um að upplýsa og fræða annað starfsfólk deildarinnar um þroskafrávik barnsins. Ef þurfa þykir er allt starfsfólk leikskólann upplýst um málið.

Í dag er ekkert barn með skilgreindan stuðning í leikskólanum en tvö mál eru í greiningarferli. Áætlað er að vinna með börn með slaka málvitund og börn sem hafa annað móðurmál en íslensku í málörvunarhópum en sú vinna er ekki hafin.⁴²

Í rýnihópi starfsmann kom fram að þeir vilja frá meiri fræðslu um þroskafrávik og fatlanir barna og vilja fá námskeið og fyrirlestra um fatlanir eins og ADHD og einhverfu á skipulagsdögum.⁴³

Í rýnihóp foreldra kom fram að unnið væri mjög vel með börn sem búin eru að fá greiningu og starfsfólk er tilbúið að kynna sér mál þeirra og auka þekkingu sína. Jafnframt kom fram óánægja með að ekki væri brugðist nógu fljótt við áhyggjum foreldra ef upp kemur grunur um þroskafrávik.⁴⁴

Fram kom að ánægja er með aðstöðu og búnað sem tilheyrir sérkennslu. Ávallt er brugðist vel við og bæði húsnæði og búnaður aðlagður fötlun barnsins, einnig kom fram að skólinn er vel búinn kennslugögnum.⁴⁵

Börn með annað móðurmál en íslensku

Á heimasíðu er móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál og einnig kom fram í rýnihópum að notast er við túlk í foreldraviðtölum þegar það á við.⁴⁶

Styrkleikar

- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar fatlanir.
- Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með hvernig unnið er með börn sem búin eru að fá greiningu.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu skriflegt, einnig þá verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Vinna í málörvunarhópum með börn með slaka málvitund og börn með annað móðurmál en íslensku.

40 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

41 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

42 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra.

43 Rýnihópur starfsmanna.

44 Rýnihópur foreldra.

45 Rýnivíðtal við sérkennslustjóra

46 Rýnihópur sérkennslustjóra og leikskólastjóra.

- Skilgreina betur verksvið og stöðu sérkennslustjóra.
- Æskilegt er að bregðast strax við óskum foreldra um ráðgjöf og aðstoð ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Æskilegt er að fræða allt starfsfólk um þroskafrávik hjá börnum.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati en engar áætlanir um innra mat liggja fyrir, hvorki til lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt skólanámskrá eru starfshættir metnir og ígrundaðir en það virðist að mestu vera óformlegt og í viðtali við leikskólastjóra kom fram að það væri einnig misjafnt eftir deildum.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Innra mat leikskólans er í höndum stjórnendateymis. Deildarstjórar í viðtali sögðust nota Ecers kvarðann við mat á starfinu og að hópastarfið væri metið. Starfsmenn og foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati. Ferilmöppur hafa verið notaðar í leikskólanum og í vetur stendur til að samræma þær og nýta í innra mati. Kannanir eru lagðar fyrir starfsmenn og foreldra um mjög afmarkaða þætti. Niðurstöður úr starfsmannakönnun bæjarins eru nýttar í innra mati.

Opinber birting og umbætur

Vísir að greinargerð í innra mati barst matsmönnum en hún er ekki opinber. Í henni er ekki fjallað um framkvæmd matsins en niðurstöður kannana birtar. Aðrar niðurstöður virðast byggja á óformlegu mati. Niðurstöður á mati með Ecers kvarða koma ekki fram í greinargerðinni og ekki heldur mati á hópastarfi. Verkefna- og umbótaáætlun í starfsáætlun er óskýr og óljóst er hvaðan þeir þættir sem tilgreindir eru koma.

Styrkleikar

- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Hópastarf er metið og til stendur að nýta samræmdar ferilmöppur í innra mati.
- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn.

Tækifæri til umbóta

- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt sett fram í skólanámskrá.
- Í vettvangsathugunum sást að starfað er eftir gildunum um virðingu og umhyggju.
- Undirbúningsaðstaða fyrir starfsmenn er góð.
- Útileiksvæði er stórt og nokkuð vel búið tækjum, sérstaklega fyrir eldri börnin.
- Rúmgott eldhús er í leikskólanum.
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi.
- Stjórnendur eru sýnilegir og aðgengilegir að mati starfsfólks og foreldra í rýnihópum.
- Stjórnendafundir eru haldnir einu sinni í viku og eru fundargerðir aðgengilegar á deildum.
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur hæfni sína og þekkingu nýtast vel.
- Unnin hefur verið starfsmannahandbók.
- Starfslýsingar liggja fyrir.
- Starfsfólk er ánægt með upplýsingaflæði innan leikskólans.
- Gott aðgengi er að skólaþjónustu á vegum bæjarins.
- Leitast er við að nýta allt húsnæði sem best og vinna með börnin í litlum hópum.
- Unnið er með alla grunnþætti menntunar og námssvið aðalnámskrár.
- Sameiginleg mánaðaráætlun sem tekur mið af þema mánaðarins og námsviðunum er til fyrir allan aldur.
- Starfsfólk leggur sig fram við að hafa jákvæð samskipti við börnin.
- Leikskólinn hefur sett sér læsisstefnu.
- Börnin eru markvisst hvött til að segja frá, t.d. í samverustundum.
- Börnin eru glöð og líður vel í leikskólanum.
- Fjölbreyttur efniviður er til staðar.
- Viðhorf foreldra í rýnihópi til leikskólans er almennt jákvætt.
- Foreldrar í rýnihópi telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrafélag og foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrafélagið er virkt í samstarfi við leikskólann.
- Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindar fatlanir.
- Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með hvernig unnið er með börn sem búin eru að fá greiningu.
- Góð aðstaða og búnaður er til sérkennslu í leikskólanum.
- Fjallað er um helstu leiðir sem leikskólinn fer í innra mati í skólanámskrá.
- Hópastarf er metið og til stendur að nýta samræmdar ferilmöppur í innra mati.
- Kannanir eru lagðar fyrir foreldra og starfsmenn.

Tækifæri til umbóta

- LVinna markvissar samkvæmt stefnu og gildum leikskólans og gera gildin sýnilegri í umhverfinu. Kynna stefnuna betur fyrir öllum hagsmunahópum.
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og því þarf að leita allra leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa.
- Aðlaga leikskólalóðina betur að þörfum barna á ungbarnadeildum og gæta þess að starfsmenn dreifi sér markvisst um lóðina í útiveru.
- Huga betur að viðhaldi, bæði úti og inni.
- Efla má markvisst faglega forystu og virkja alla hagsmunahópa í stefnumótun.
- Áfram þarf að vinna að því að efla starfsanda.
- Setja formlega verkaskiptingu stjórnenda skýrar fram og gera skipurit skólans sýnilegt.
- Taka fljótt og markvisst á þeim vandamálum sem upp koma í leikskólanum.
- Skoða hvort hafa megi morgunfund fyrir að morgni en nú er gert til að leysa starfsmannamál.
- Gæta þess að deildarfundir falli ekki niður.
- Koma á starfsþróunarsamtölum í leikskólanum.
- Æskilegt væri að stjórnendur fylgdust formlega með námi og starfi og veittu starfsfólki endurgjöf.
- Setja fram verkferla við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Vinna áfallaáætlun fyrir leikskólann og gæta þess að rýmingaráætlanir og áætlun um viðbrögð við slysum séu sýnilegar á öllum deildum.
- Æskilegt er að fundargerðir séu ritaðar á starfsmannafundum og að þær séu aðgengilegar starfsmönnum.
- Skoða ætti dagskipulag með það í huga að hafa lengri samfeldan tíma fyrir leikinn.
- Æskilegt er að hafa efnivið og leikföng sýnilegri börnunum.
- Endurskoða má lýðræðislega þátttöku barnanna í leikskólanum.
- Æskilegt er að endurskoða matseðla, m.a. með tiliti til yngri barna, svo og hráefni til matargerðar og gera matseðla aðgengilega á heimasíðu.
- Samræma allt faglegt starf í leikskólanum.
- Leita skal leiða til að auka samvinnu og samstarf milli deilda með það markmið að skólinn vinni sem ein heild.
- Leita þarf leiða til að styrkja og handleiða nýja deildarstjóra.
- Leita þarf leiða til að koma á skipulögðum leiðbeiningarsamtölum við nýtt starfsfólk.
- Æskilegt er að dreifa reynslu og menntun starfsmanna milli deilda.
- Gera þarf áætlun um mat á námi barna.
- Kjósa ætti til foreldraráðs samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Gera ætti allar fundargerðir foreldraráðs aðgengilegar, svo sem á heimasíðu.
- Æskilegt er að hafa sérstaka kynningu á stefnu skólans fyrir nýja foreldra.
- Æskilegt er að samræma milli deilda hvernig upplýsingum er komið til foreldra.

- Leita þarf leiða til að aðlaga tímann milli kl. 16-17 að þörfum barna og foreldra.
- Æskilegt er að hafa verkferla og skipulag sérkennslu skriflegt, einnig þá verkferla sem unnið er eftir ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni.
- Vinna í málörvunarhópum með börn með slaka málvitund og börn með annað móðurmál en íslensku.
- Skilgreina betur verksvið og stöðu sérkennslustjóra.
- Æskilegt er að bregðast strax við óskum foreldra um ráðgjöf og aðstoð ef upp kemur grunur um þroskafrávik.
- Æskilegt er að fræða allt starfsfólk um þroskafrávik hjá börnum.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.
- Gera nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengist markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Huldubergi leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Skipulag náms og námsaðstæður eru góðar og börnunum líður vel í leikskólanum. Foreldrar í rýnihópi voru ánægðir með samskipti við stjórnendur og starfsfólk. Unnið hefur verið að því að bæta starfsanda og halda þarf áfram á þeirri braut og mikilvægt er að leysa þau vandamál sem upp koma markvisst og fljótt. Bæta má faglega forystu í leikskólanum og samræma starfið á milli deilda svo og upplýsingaflæði til foreldra. Gera þarf áætlun um mat á námi barna og vinna markvisst eftir henni. Markvisst þarf að vinna innra mat leikskólans út frá áætlunum til lengri og skemmri tíma, skrifa greinargerð og vinna umbótaáætlun út frá niðurstöðunum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Slóðin er:

https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf

Leikskólinn Hulduberg. Heimasíða. Slóðin er:

<http://hulduberg.leikskolinn.is/>

Leikskólinn Hulduberg. Læsisáætlun. Slóðin er:

<http://hulduberg.leikskolinn.is/hulduberg/laesi.pdf>

Leikskólinn Hulduberg. Námskrá. Slóðin er:

http://hulduberg.leikskolinn.is/hulduberg/skjöl_á_vef/skólanámskrá_huldubergs_útg._2017.pdf

Leikskólinn Hulduberg. Skóladagatal. Slóðin er:

<http://hulduberg.leikskolinn.is/Skolastarfid/Skoladagatal>

Leikskólinn Hulduberg. Starfsáætlun 2017-2018. Slóðin er:

[http://hulduberg.leikskolinn.is/hulduberg/skjöl_á_vef/starfsáætlun_hulduberg_17-18_\(1\).pdf](http://hulduberg.leikskolinn.is/hulduberg/skjöl_á_vef/starfsáætlun_hulduberg_17-18_(1).pdf)

Lög um leikskóla Nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Mosfellsbær. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.mosfellsbaer.is/>

Mosfellsbær. (2016). Viðhorfskönnun til starfsmanna, mars 2016.

Mosfellsbær. (2017). Viðhorfskönnun til starfsmanna, júní 2017.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Viðtöl:

Símtal og tölvupóstsamskipti við skólafulltrúa á fræðsluskrifstofu Mosfellsbæjar

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

